

Góðir áheyrendur,

Í þessum fyrirlestri vil ég að reyna að lýsa hugtakinu tíma, eins og fólk skynjar það í daglegu lífi, í því augnamiði að sýna fram á tengsl milli tíma og listar.

Afstæðiskenning Einsteins sannaði að tvær manneskjur geta skynjað þann tíma sem líður milli tveggja atburða sem mismunandi langan, og að skynjun beggja er veruleikanum samkvæmt. Kenning Einsteins innleiddi ekki aðeins hugmyndina um afstæði tímans, heldur einnig hugmyndina um afstæði veruleikans.

Viðtekin aðferð til tímamælingar er að skrá endurtekningu náttúrulegra atburða. Slíkur atburður er hringferð jarðar umhverfis sólu; hann kallast ár. Einn snúningur jarðar um möndul sinn nefnist sólarhringur. Afstaða sólar gagnvart jörðu ákvarðar tíma dags, klukkustundirnar.

Hér er um raunsanna viðburði að ræða sem við berum kennsl á um leið og þeir gerast. Óhikað lýsum við því yfir að dagurinn hefjist við sólarupprás. Snúningur jarðar um möndul sinn tryggir að nótt fylgir í kjölfar dags.

En hvernig vitum við hvort tímalengdin milli náttúrulegra viðburða, eins og hringferð jarðar umhverfis sólu, er alltaf sú sama? Eftilvill væri hægt að ganga úr skugga um það með hlutlausu mælitæki. Vandinn er sá að slíkt mælitæki yrði háð sömu náttúrulegum og atburðurinn sem mæla á, svo öll hugsanleg frávík yrðu alltaf þau sömu. Fræðilega séð þyrftum við ekki að taka eftir því hvort eitthvert eitt ár er helmingi lengra en annað.

Ásetningur minn er hvorki að véfengja né breyta viðvarandi tímakerfi, heldur vil ég sýna fram á að við skynjum tímann með öðrum hætti og að afstaða okkar til tímans er mjög frábrugðin því tímakerfi sem við búum við.

Ég tel að skynjun okkar og reynsla af tímanum ákvarðist eingöngu af snúningi jarðar um möndul sinn og enn síður af dagatali og klukkum. Ýmisleg önnur fyrirbæri eru mikilvægari tímavísar. Þau má finna alls staðar. Við mætum þeim stöðugt í umhverfi okkar.

Flest hrærumst við í umhverfi sem er að langmestu leyti gert af mannahöndum. Lítum til dæmis á það umhverfi sem við erum nú stödd í, gluggalaust rými. Hér er allt gert af mannahöndum. Sjálf erum við framleidd af öðru fólki, eða þá að við eigum tilveru okkar að verulegu leyti að þakka tilteknum athöfnum annars fólks. Utanhúss erum við einnig umkringd mannanna verkum: byggingum, strætum, bílum, matvælum, húsgögnum, fatnaði, litum og formum, en einnig töluðu og rituðu máli, tónlist og hávaða. Í bakgrunni er náttúran: jörð, haf og himinn. Strangt til tekið er umhverfi allt sem við skynjum utan sjálfra okkar. Þetta umhverfi er óspillt náttúran, menn og allt sem gert er af mannahöndum. Til að geta notað umhverfið sem tímavísi, verðum við að horfa framhjá náttúrunni.

Ladies and gentlemen,

In this lecture I want to try to describe the phenomenon of time, as this is experienced by people in a society, with the aim of making a connection between time and art. Einstein's theory of relativity showed for the first time that two people can perceive the time which passes between two events as a different length of time and that both perceptions are based on reality. Einstein's theory introduced not only relativity in the perception of time, but also the concept of relative reality.

The confessional method of measuring time is to record a natural event which repeats itself. The natural event of the earth covering one orbit around the sun we call a year. And a single rotation of the earth around its axis is a day and a night. The position of the sun with regard to the earth gives the time of day, the hours.

These are concrete events which we perceive as they take place before us. Without hesitation we declare that the day begins when the sun rises. The rotation of the earth ensures that every day is followed by a night.

But how can we know that the duration of time between events, such as the earth's journey around the sun, is always the same? Perhaps we think then of an objective instrument of measurement. The big problem here however, is that the instrument used would then be subject to the same laws of nature as this natural event, so that any contemplated deviation would always be identical.

Theoretically there is no reason why we should notice if one year were to last twice as long as another.

It is not my intention to dispute or change the existing system of time. I only want to show that we perceive time differently and our position with regard to time is different than our system of time would suggest.

I do not think that our perception and experience of time is caused merely by the rotation of the earth around its axis and even less by calendars and clocks. There are other things which are more important indicators of time. These can be found everywhere. We are constantly confronted by them in our environment.

Most of us live in an environment which for the greater part consists of things made by man. Look, for example, at the surroundings we find ourselves in at the moment, in this windowless room. Everything here has been made by man, even we ourselves are products of other people, or at least we owe our existence in an important sense to a number of acts carried out by people. But when we leave this building we are also surrounded by things which were made by man: buildings, streets, cars, food, furniture, clothes, colours and shapes, but also the spoken and written word, music and noise. All of this against the background of nature: the earth, the sea and the sky. Strictly speaking all that we perceive outside ourselves is our environment. This environment consists partly of unspoiled nature, partly of people and partly of things which have been made by people.

In order to use the environment as an indicator of time we have to leave aside the natural landscape.

Að sjálfsgöðu bendir snjór til þess að vetur sé genginn í garð. En snjórinn í dag er í engu ólíkur snjónum sem féll fyrir tuttugu árum. Hann kemur því ekki að miklu gagni þegar við viljum bera skyn á þann tíma sem við lifum í. Að vísu skilur náttúran eftir sig tímaslóða, en líf okkar er of stutt til að við getum upplifað tímaskeiðið milli tveggja ísalda, svo dæmi sé tekið.

Til að skynja þann tíma sem við lifum í horfum við því ekki til himna, heldur til hægri og vinstri, á mannfólkið og gjörðir þess. Það umhverfi er uppfyllt af táknum um tímann. Þar „lesum“ við tímann. Þetta umhverfi skapar einum möguleika og gerir þá að engu fyrir annan. Það gengur fyrir eigin viljastyrk, hefur kröfur og aðra eiginleika sem minna á manninn. Í umhverfinu eiga allir hlutir sér fortíð. Þeir koma einhvers staðar frá. Púltið hér fyrir framan mig var eitt sinn hugmynd, og þar áður var það óorðuð löngun eða kennd. Öll mannanna verk eru hugmyndir sem breytt hefur verið í efni. Sérhver hlutur er vottur um hugmynd. Allir þessir hlutir, ásamt fólkinu sem finnur þá upp, gefa okkur skýra mynd af umhverfinu. Þar sem fólk hefur yfirleitt svipaðar hugmyndir og er önnur kafið við að breyta þeim í efni, eða - sem er algengara - vegna þess að það skortir tækifæri og hæfileika og lætur sér nægja að hlutgera hugmyndir annarra, fær umhverfið á sig sérstakt og allt að því samræmt útlit. Umhverfið sýnir hvað fólki liggur á hjarta, hvað það hugsar og hvernig því líður. Að baki allra hluta liggur hugsun, afsprengi einhvers konar viðhorfs, og því má líta á þá sem minnisvarða um viðhorf.

Umhverfið er ráðrík mynd. En þessi mynd er stöðugum breytingum undirorpin. Hluti fólks upplifir þessar breytingar sem hraðar, öðrum finnst bær ganga of hægt fyrir sig. En langflestir þjóðfélagsþegnar taka varla eftir breytingunum, vegna þess að þær gerast samhliða breytingunum sem eiga sér stað í þeim sjálfum. Þeir eru því samtíga heildarmyndinni.

Mynd umhverfisins breytist fyrir tilstilli þjóðfélagsþegnanna. Nýtt fólk leggur fram nýjar hugmyndir sem mynda nýtt umhverfi. Það eru einmitt þessar breytingar sem gegna hlutverki tímavísa. Stöðugar tilfærslur eiga sér stað sem hafa ekkert með sólstöður eða snúning jarðar að gera. Þess í stað eru breytingarnar sífellt skráðar í ákveðnu hugarfari, í kenndum, hugsunum og framkvæmdum.

Munurinn á árunum 1949 og 1969 verður ekki skýrður með tilvísun í þær tuttugu ferðir sem jörðin hefur farið kringum sólu, því á árunum 949 til 969 fór jörðin nefnilega sömu vegalengd, og á því tímabili voru breytingar í ýmsum samfélögum manna sennilega fremur hægar. Tímamunurinn verður til með breyttu hugarfari og hegðan fólks, breyttu viðhorfi þess til fegurðar og ljótleika. Nýr hugsunarháttur verður til, sem breytir svo aftur tímanum.

Ef ekki kæmu til ápreifanlegar breytingar á umhverfinu, mætti álykta að tíminn stæði kyrr. Það væri eins og ekkert hefði gerst. Mér verður hugsað til ævintýrsins um Þýrnirósu sem svaf í heila öld, en þar sem álfkonan góða svæfði einnig alla hirðina í heila öld fannst Þýrnirósu eins „hún hefði ekki sofið nema yfir blánóttina“. Hún hafði þetta

Naturally, when we see snow we can guess that it is winter. But the snow looks much the same as in the winter twenty years ago. Therefore, it will not be of much help to us in finding out which time we are living in. I admit that nature leaves behind traces of time. But our life is too short to be able to experience the time between two ice ages, for example.

In order to find out the time we are in we do not look at the sky. We look to the right and to the left, at people and their actions. This environment is full of temporal elements. In these, we can see how time shows itself. It is an environment which creates possibilities and removes possibilities. It is an environment with its own will, full of references, with characteristics which remind me of man.

In the environment all things have a past. They come from somewhere. This lectern here before me was once an idea, and before that it was a desire which had not been verbalised or a feeling.

All things made by man are ideas which have been converted into material. Each thing is the evidence of an idea. All these things, and the people who think them up, give us a distinct image of the environment.

Because people have for the most part the same sort of ideas, and are all busy converting their ideas into material, or what is more common, that people through lack of opportunities and capacities agree to the materialization of other people's ideas, the environment is given a particular character which is almost homogeneous.

The environment shows what people are concerned with, how they think and how they feel. All objects have been invented, arise out of a sort of mentality and can therefore be seen as a monument to that mentality.

The environment is a dominant image. But the image is continuously changing. One section of society experiences this change as a rapid change, another section experiences it as just the reverse, thinks everything is going too slowly. But by far the largest section of society hardly notices the change because it is occurring parallel to their individual change. They are in harmony with the image.

The changing of the image results from people living in society. New people come up with new ideas; a new environment is created. It is precisely those changes which function as indications of time. There is a constant shift which does not take into account the position of the sun or the rotation of the earth, but a record of mentality, feeling, thinking and action is constantly being made.

The difference between the year 1949 and the year 1969 is not due to the twenty circuits which the earth has travelled around the sun. Because from 949 to 969 the earth covered the same trajectory and in that period changes in the various societies were probably slower.

The real difference in time comes through people thinking and acting differently and finding different things beautiful or ugly. A new mentality arises and that causes time to change.

If the environment did not change physically, then it could be said that time stands still. For man, there would then be no proof that anything has happened.

ekki bara á tilfinningunni, því veruleikinn var á sömu leið: það kraumaði í pottinum, eldar voru kveiktir og allir voru úthvildir. Ekkert benti til þess að þessi nótt hefði varað lengur en aðrar nætur. Þvert á móti var sýnt að nóttin hefði verið jafn löng og venjulega.

Ferð jarðar kringum sólu virðist í litlum tengslum við ferð okkar í tíma og rúmi.

Þegar við hverfum frá einu tímaskeiði til annars, sjáum við mynd umhverfisins breytast — eins og gerist á öllum ferðalögum. Því umhverfið lætur okkur í té sannanir fyrir tilfærslu eða kyrrstöðu tímans. Lítum aftur á þessa margbrotnu og síbreytilegu mynd sem við köllum umhverfi.

Innviðir umhverfisins breytast mismunandi hratt. Kirkjur, stræti, torg og hús breytast hægar en föt, bílar, tónlist og listaverk, svo nokkur dæmi séu nefnd. Sumt í umhverfinu er ónæmara en annað fyrir tímanum. Þessar mismunandi breytingar minna á stóra og litla vísinn á klukku. Annað í umhverfinu er mjög næmt fyrir tímanum, til dæmis fatatíska, sem er eins og sekúnduvísirinn. Að frá-töldum mannvirkjum og nokkrum gömlum listaverkum sem njóta verndar yfirvalda, er mestur hluti umhverfis okkar kröftug og síbreytileg heild.

Umhverfið breytist ekki upp á sitt einsdæmi. Að baki hverri breytingu stendur manneskja með orku og langanir. Tilurð hvers hlutar má rekja til hugmynda. Göngum lengra og segjum að eitthvað sé að baki hugmyndinni. Áður en hugmynd verður að veruleika, er hún lögð í dóm tilfinninga; manneskjan með hugmyndina freistar þess að samræma hana kenndum sínum. Mér er hins vegar ljóst að mörgum tekst ekki að koma á þessu eftirsóknarverða samræmi.

Hugmynd verður ekki til úr engu, heldur kviknar hún af löngun sem á sér sömu rætur og kenndin sem verður að samþykkingu framkvæmd hugmynda. Þetta er hátt.

Allt sem við tökum okkur fyrir hendur er hátt tilfinningalegu samþykki okkar sjálfra, þó svo tilfinningar okkar séu ekki alltaf háþróaðar. Þegar þessi meginkennd fær á sig form, nefni ég hana hugarfar. Við sjáum þess merki í umhverfinu, þar fær hugarfarir á sig mynd, verður þekktanlegt. Í rauninni er þetta hugarfar ekkert annað en notkun hugtakanna „rétt“ og „rangt“ eða enduróman þeirra í lýsingarorðunum „fagurt“ og „ljótt“ eða „skemmtilegt“ og „leiðinlegt“.

Skyn okkar á réttu og röngu ræður úrslitum um hugarfar okkar. Hugarfar okkar ber ábyrgð á því sem við gerum eða gerum ekki. Það sem við gerum eða gerum ekki blasir við í umhverfinu. Sá hluti umhverfisins sem skapaður er með þessum hætti (það er, meirihluti þess), hefur sterkasta útgeislun tímatakna. Og vegna þess að hægt er að rekja upphaf þessara tímatakna aftur til réttlætiskennarinnar, langar mig að leggja fram eftirfarandi jöfnu:

		hugmynd	efni	tákn tímans
Tilfinning fyrir sannleika	>	>	>	
		hugsun	hegðun	efnisgerving sannleikans

I am reminded of the fairy tale of the Sleeping Beauty who slept for a hundred years. And because the good fairy made the entire court sleep for a hundred years too, she felt "as if she had slept for a single night." And not only did she feel it, it was the reality: the pan was simmering, the fire was lit, everybody was well rested. There was no demonstrable evidence that this night had lasted longer than any other night. On the contrary, there was actually proof that it had been just a single night.

The journey of the earth round the sun appears to have little to do with our journey through time and space.

As with all journeys, when we travel from one time to another we encounter an altered image, that is, the environment. For the environment provides the proof of a shift or standstill in time.

Let us look once more at the complex, constantly changing image which we call the environment.

The elements which go to make up our environment are subject to great variations in the tempo of change. Churches, streets, squares and houses change more slowly than clothes, cars, music and works of art, for example. Not all parts of the environment are sensitive to time. The difference often reminds me of the large and small hands of a clock. There are also elements which are hypersensitive to time, such as fashion in clothes, which is like a second hand.

But apart from a small number of buildings which are protected by the state, and some older art treasures which have been preserved, by far the greater part of the environment is a dynamically changing whole.

The environment does not move of its own accord. Behind each change there is a person with energy and desires. Each object can be traced back to the idea of making such a thing. We can go further and say there is also something behind the idea. Before an idea can be carried out, it is tested on the pulses and the person with the idea tries to achieve a harmony between the idea and his feeling. I am aware, however, that many do not succeed in achieving this much-desired harmony.

An idea does not appear out of nowhere, but always from a desire which has the same origin as the feeling which has to give its approval to the execution of the idea. Everything we do is connected to our intuitive approval, even if our intuition is not always so developed. When this fundamental feeling appears, I call it mentality. We can read this mentality in the environment, it is given form there, made recognizable. In fact, mentality is nothing more than the employment of the concepts of right and wrong, or reflections of these concepts like beautiful and ugly, pleasant or unpleasant, delightful or tedious.

Our feeling for right and wrong ultimately determines our mentality. Our mentality is responsible for what we do, and do not do. And what we do, or do not do, is visible in the environment. The part of the environment which is created in this way, that is, the greater part, is the one which radiates most powerfully the concept of time. And because we can trace the origin of this time-emanating product back to a feeling for right and wrong, I venture the following proposition:

Hér sést hvernig sannleikur breytist í tíma, eða í hlut sem er í senn ígildi tímans og sannleikurinn efni klæddur. Sannleikur sem í upphafi er skynjaður af einni manneskju verður hugarfar sem fæðir af sér hugmyndir. Þegar hugmyndirnar hafa verið framkvæmdar eru þær túlkun á hugarfari og um leið minnismarki um sannleika.

Minnismarki sem gefur til kynna hver tíminn er.

Ég vil því draga þá ályktun af því sem hér hefur verið sagt að sannleikurinn sé orsök tímans og að viðhorf okkar gagnvart sannleikanum ákvarði stöðu okkar í tíma og rúmi.

Ennfremur kveða almenn viðhorf þjóðfélagsins til sannleikans á um ímynd tímans, um það sem gerist og það sem gerist ekki. Söluhæsta dagblað landsins kemur til móts við þessi viðhorf. Stjórnmal og trúarbrögð eru hvorttveggja afsprengi þessara viðhorfa og sniðin að þörfum þeirra. Hið almenna viðhorf til sannleikans er umfangsmesta tímatal þjóðfélagsins. Samt bera margir ekki traust til tímatafs þjóðfélagsins. Þar í hópi eru að mínum dómi listamenn. Sjálfur get ég ekki skýrt listræna köllun mína nema sem þörf til að móta persónulegt viðhorf til sannleikans og finna því áþreifanlegt form. Eftilvill fæðist sköpunargáfan í listamanninum þegar hið almenna viðhorf til sannleikans fullnægir honum ekki. Sjálfur tel ég mig ekki vera samtíma-mann þeirra sem lifa og hrærast á árinu 1969. Ég skal reyna að skýra þetta nánar.

Segjum sem svo að einhver á meðal okkar sé uppfullur af kenndum (kenndum sem snerta sannleika og fegurð) sem voru ríkjandi árið 1949. Við mundum álíta þennan aðila vera tuttugu árum á eftir tímanum. Hegðan hans er einkennandi fyrir almenna hegðan manna á árinu 1949. Við getum auðveldlega gengið úr skugga um að svo sé, því ýmsar leifar sannleiks-tíma minnisvarða frá árinu 1949 er enn að finna í því umhverfi sem við nú (1969) hrærumst í. Umræddur aðili heldur að hann sé staddur í nútíð 1969, en við vitum betur. Verk hans falla fullkomlega að leifum umhverfisins frá 1949. Viðhorf hans til góðs og illis; til fegurðar og ljótleika, er hið sama og þeirra sem lifðu fyrir tuttugu árum. Við getum ekki ferðast gegnum tímann samhliða þessum aðila. Hann er á eftir tímanum.

Við skynjum umhverfi okkar, það er, allt sem er fyrir utan okkur, með skynfærunum, af sjón, heyrn, lykt, bragði og snertingu. En skynfærin reisa einnig skorður við skynjun okkar. Við skynjum liti á bilinu frá rauðu til útfjólubláma. Litirnir á þessu bili eru okkur sýnilegur veruleiki. En við vitum líka af tilvist annarra lita. Þeir eru nálægir þótt við sjáum þá ekki. Lyktarskyni okkar eru einnig settar sömu skorður, o.s.frv.

Við nemum einnig kenndir annarra með skynfærunum. Við fáum ávæning af nýjum sannleika fyrir milligöngu skynfæranna. Ímyndum okkur að til sé maður sem skynjar liti og hljóð sem eru ofviða skynfærum okkar. Hann væri því undantekning, afbrigðilegur. En ef einhver einstaklingur er einn um að upplifa fegurð einhvers tiltekins forms, telst hann einnig vera undantekning, skrytinn. Haldi hann áfram að vera einn með þessa reynslu sína, verður hann stórskrytinn. Ef einhver annar kemur til sögunnar sem heyrir sömu hljóð og skynjar sömu

idea material bearer of time

Felt truth > > >
thought behaviour materialized truth

See how a truth is converted into time, or into an object which is at the same time a bearer of time and a materialized form of truth.

A truth which is felt from the beginning becomes a mentality. A monument made with this mentality indicates the time.

From the foregoing I would like to draw the conclusion that truth is the cause of time. And that our attitude towards truth determines where we find ourselves in time and space.

Equally, the general attitude of society with regard to truth is responsible for the image of time, for what happens or not. The paper with the largest circulation in the country is written for this society. Both politics and religion are designed by and for the majority. This is society's largest calendar, the general stance with regard to truth.

But for many, society's clock does not tell the right time. Included among those, I believe, are the artists. I cannot imagine any other cause of the artistic vocation except a need to have a specific attitude with regard to truth and to give form to this. Perhaps the impulse to create is born in every artist when he is not satisfied with the general attitude to truth. I myself, for example, refuse to call myself a contemporary of the people who feel at home in the year 1969. I will try to explain this in more detail.

Imagine that someone here is full of feelings (feelings with regard to truth and beauty of course) which were prevalent in the year 1949. We are supposed to declare such a person 20 years behind the time. His behaviour is characteristic of the general behaviour of 1949. We can easily verify that because we still have various remnants of the truth-time monuments of 1949 in our current (1969) environment. The person in question is under the impression that he lives in the present of 1969, but we know that it is otherwise. His work fits like a jigsaw piece into the remains of the environment of 1949. His stance with regard to good and evil or beautiful and ugly is the same as the one people had then. We cannot travel side by side through time with such a person. That person is behind the times.

We perceive our environment through the senses: sight, hearing, smell, taste and touch. With the aid of the senses we can perceive the environment, that is, everything which is outside us. But in perception we are also limited by our senses. We can perceive colours from red to ultra-violet. The colours between are perceptible reality for us. But as we know, there are more colours. They are present but we cannot see them. The same limitations apply to the sense of smell, and so on.

Through our senses we come in contact with the feelings of others. The feeling for a new truth is perceived with the help of the senses.

Imagine that there is someone who perceives colours and sounds outside our perceptive capacity. He would then be an exception, an outsider. But in the

feigurð í formunum, eru þeir skrýtnu orðnir tveir. Því fleiri sem bætast í hóp þeirra, því venjulegri verða þeir. Þegar fjöldi fólks er farinn að heyra hljóðin og sjá litina, kemur að því að þeir sem ekki skynja þetta tvennt verða hin skrýtnu afbrigði.

Eftir á að hyggja er þetta næma fólk sem finnur fyrst til ekki svo skrýtið, heldur einu skrefi á undan samtímanum, skrefi sem aðrir eiga eftir að stíga.


Við skynjum sérstakt hugarfar í umhverfi okkar, en það er aftur afsprengi sérstakrar sannleikskenndar. Við neytum þessarar kenndar og öðlumst við það samkennd með þeim hlutum sem fela í sér þá kennd. Þeir eru okkur óræk sönnun þess að til sé áþreifanlegur veruleiki.

Til er fólk sem er á eftir tímanum í þjóðfélaginu, gamaldags fólk. Eins og allir aðrir þekkist það á gjörðum sínum, á viðhorfum sínum til góðs og ills, til sannleikans. Ein skýringin getur verið sú að fólk eldist og hugmyndir þess með. En alveg eins og í ævintýrinu um Þyrnirósu eru það ekki árin ein sem gera fólk gamaldags, heldur á sér stað ákveðin kölkun sannleiksviðhorfsins. Gamaldags fólk er því ekki eingöngu ellilífeyrisþegar.

Flest fólk lifir í þjóðfélagsnútið, því meirihlutinn er viðmiðunin. Hver sá sem ekki þróast með samtíð sinni, lifir í þjóðfélagsþátíð. Samt telur hann sig vera í þjóðfélagsnútið, vegna þess að hann sér einungis eigin veruleika sem er lítill hluti umhverfisins. Framtíð hans er þjóðfélagsnútiðin, eða getur orðið það. Hver sá sem er á undan sinni samtíð á sér nútið þar sem þjóðfélagið á sér framtíð.

Þjóðfélagið (meirihlutinn) skilur það sem „gamaldags“ er án teljandi vandræða. Því ef hið „fyrnda“ er ekki allt of fjarlæg, hefur þjóðfélagið nýverið gengið í gegnum það og er sú veröld enn í fersku minni. Hins vegar er erfiðara fyrir „gamaldags“ fólk að skilja þjóðfélagið, þar sem það hefur aldrei upplifað það.

Framsæknu fólk, frumkvöðlum, reynist ekki erfitt að skilja mannfélagið. Hið gagnstæða er hins vegar erfiðara. Þannig getur tímaskynjun manna verið mismunandi í sama þjóðfélaginu, sem sjálft er stöðugum breytingum undirorpið og er á hreyfingu í tíma.



Umhverfi samfélagsins 1949 er mjög frábrugðið samfélagsmyndinni 1969. Nú erum við stödd á árinu 1969, en A (sá gamaldags) er staddur á árinu 1949. Tímans rás frá 1949 til 1969 veltir upp vísbendingum, formum, litum, hlutum, hugmyndum og umfram allt, nýrri sannleikskennd, sem gerir okkur kleift að skynja ólíkustu fyrirburði; venjulega, alvöru hluti, áþreifanlega hluti o.s.frv. A hefur ekki aðgang að þessum vísbendingum, vegna þess að hann hefur ekki haldið í við tímann allt til 1969. Hann hefur ekki farið þá ferð.

case of someone being the only one to experience the beauty of a particular form, we are also dealing with an outsider. If he is the only one, he stays an outsider. However, if after some time there comes another who also hears the sounds and sees the beauty in the forms, then we have two outsiders. The more of them arise, the more ordinary they become. If more and more people hear those sounds and see those colours then it will eventually reach the point where those who do not see them will become the outsiders.

Looked at from that perspective, it turns out that these people were not outsiders at all. They were merely one step ahead in time, a step which would later be taken by many.

In our environment we perceive a particular mentality which is a consequence of a particular feeling for truth. We consume that feeling and through it acquire affinity with things which are bearers of that feeling. For us they are proof that there is a tangible reality.

There is a group of people who are behind the times in society, the old-fashioned. Like all the others, these people can be recognised by their work, their attitude with regard to good and evil, and to truth. The major reason for this phenomenon is that people and their ideas get older. It is not only the years which are the cause of 'being old-fashioned', but rather a calcified attitude with regard to truth. The above-mentioned group, therefore, does not consist merely of the elderly.

Most people live in the present of society, because the majority is the norm, the characteristic of the present. Whoever does not go along with his time lives in the past of society. Nevertheless, he will think he is in the present of society because he only sees his own reality and that is only a small part of the environment. His future is the present of society or can become that. Whoever is in advance of his time has his present where society has its future.

Society (the majority of people) can understand 'the old-fashioned' without much trouble. Because if that old-fashioned aspect is not too distant, society has just been there and can remember something of that world. However, it will be more difficult for the old-fashioned to understand society because they have never been there.

For the progressive, the forerunner, it is not so difficult to understand the society. But it is more difficult the other way round. In this way differences in the awareness of time arise within the same society which is constantly changing and which is continually moving in time.

The environment and society in the year 1949 have a particular character which differs from the character of 1969. We are now living in the year 1969 but X (the old-fashioned) lives in the year 1949. The passage of time from 1949 to 1969 provides evidence, in the shape of forms, colours, objects, ideas and especially, perhaps, a new feeling for truth which makes it possible to perceive different things; ordinary, real things, tangible things etc. X does not have this evidence because he has not moved along with time to 1969.

A er ókunnugur í þjóðfélagi samtímamannsins B. Hann heldur dauðahaldi í þær leifar af 1949 sem hann finnur í umhverfi samtíðarinnar. A lifir í veröld á hverfanda hveli. A getur vart gert sér í hugarlund umfang veraldar B. En eins og áður hefur verið vikið að, þekkir B mun betur til veraldarinnar en A. Veröldin, hið ápreifanlega umhverfi sem A hrærist í, er mun minni en veröld B, þar sem þjóðfélagið er sniðið að þörfum B.

En hvað um C, sem er á undan sinni samtíð? A veit varla af tilvist C. B er að sjálfsögðu í nánari tengslum við C. Sambandið milli B og C ræðst af þeirri fjarlægð í tíma sem er á milli þeirra. Er hægt að skilgreina þessa fjarlægð?

Ég reyni hér að sýna fram á að við sem stödd erum á árinu 1969 (í skynjanlegum og áreiðanlegum veruleika), erum í raun stödd á mismunandi tímaskeiðum, sem helgast af viðhorfum okkar til sannleikans.

C er þegar búinn að tileinka sér hugarfar og skilning á sannleika þess þjóðfélags sem B hrærist í. Hann hefur upplifað það, og vegna þess að hann hefur haldið ferðinni áfram, áleiðis til framtíðar, hefur hann kynnst veruleikanum sem þar ræður ríkjum. Hann er vel heima í nýjum kenndum, hugsar öðruvísi, sér hlutina öðruvísi, borðar öðruvísi, heyrir öðruvísi, hrærist í öðru, ápreifanlegu umhverfi.

Verk eða gjörðir C segja til um það hvar hann er staddur. Hann heldur áfram veginn, en skilur eftir verk sín. Þau minna á veggjakrot á borð við „Killroy was here“. Þarna í fjarskanum kemur eftilvill að því að hann fer að róast, setjast að einhvers staðar þar sem honum líður vel, til að vinna í friði að hugðarefnum sínum. Verk hans eru tímalaus að því leyti að þau geisla af staðfestu hugarfarins. Þau eru kyrrstæð og því tekst B á endanum að hlaupa þau uppi.

Þegar verk C hafa samsamast því þjóðfélagi sem B hrærist í (meirihlutasamfélaginu), þá er sennilega ómaksins vert að líta á tímatalið til að fá upplýsingar um ártalið (þannig kemur tímatalið loksins að gagni!).


Ef það tekur þjóðfélag B tuttugu ár að komast á það stig tíma og rúmi að skilningarvitin veiti umhverfi B visbendingar um að það hafi komist þangað sem C var með hælana, má segja að á árinu 1969 hafi C fengið forsmekkinn af veruleikanum árið 1989.

Tíminn er mikilvægur þáttur í allri list. Listin er mjög heppileg aðferð til að ferðast í tíma og rúmi. Flestar leiðir til nýrra tíma liggja gegnum listaverk.

Við skynjum nýja myndlist, en hún opnar okkur nýjan heim sem er ekki draumur heldur veruleiki. Við látum gamla heiminn lönd og leið, höldum þó eftir nokkrum pinklum, eilítum menningarlegum farangri eða lögvernduðum listaverkum. Af þeim getum við séð hvar við vorum stödd.

Tíminn eyðir öllu. Eftilvill eiga menjar mann-sandans, sönnunargögn sannleikans, listaverkin, sér þó mestar lífslíkur.

Sigurður Guðmundsson
nóvember 1969
Fyrirlestur fluttur í Norræna húsinu, Reykjavík



X is an outsider in the society of Y. He holds on tightly to the remnants of 1949 in Y's society. X lives in a crumbling world which is continually becoming smaller. X can hardly imagine the scale of Y. But as I have already said, Y knows much more of the world than X. The world or the tangible environment of X is much smaller than that of Y because the society has been made for Y.

But what about Z who is ahead of his time? X hardly perceives the existence of Z. Y is naturally much closer to Z than X is. The relationship of Y and Z is dependant on the distance between them in time. Can that distance be defined?

I am trying to show here that we, people who are here in 1969 (in perceptible, reliable reality) are actually in different times. And that this is determined by our attitude with regard to truth.

Z has already, for a long time, had the mentality and feel for truth of society Y. He has already experienced it and because he has journeyed on in the direction of the future he has become acquainted with the reality which prevails there. He is familiar with new feelings, thinks differently, sees other things, eats differently, hears differently, lives in another tangible environment.

The work or the activities of Z indicate where he really is. He travels onward, his works he leaves behind. They have something of a "Killroy was here" character. Or at a certain moment, there in the distance, he begins to take things easier and stays working in a place he feels good in. His works are timeless in the sense that they radiate a constant mentality. They stand still and therefore can eventually be overtaken by Y.

If the works of Z have been overtaken, that means fully integrated into Y's society (the greater society), then it is perhaps interesting to look at the calendar to see which year it is (in this way the calendar can be given a use!). If the society of Y takes 20 years to move to the place in time and space where environment Y is given proof through the senses that it has really arrived at Z, then it could be said that in the year 1969 Z had a real foretaste of life in the year 1989.

The phenomenon of time is important in all art. Art is a very suitable means of travelling in time and space. The first paths to a new time usually run through works of art.

We perceive new art and in this way see a new world which is not a dream but reality. We forsake the old world, apart from a few things which are called cultural baggage or preserved works of art. From these we can always see where we have been.

Time destroys all things, but what perhaps stays the longest are the traces of the human spirit, the evidence of truth: art.

Sigurður Guðmundsson
November 1969
Lecture Norræna Húsið, Reykjavík